

Borgarbyggð
b/t Sigurð Friðgeir Friðgeirsson
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík 24. júní 2019
UST201906-126/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag – Dílatangi – Borgarbyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 12. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir Dílatanga í Borgarnesi.

Í lýsingu kemur fram að nýju deiliskipulagi er fyrst og fremst verið að staðfesta núverandi skipulag lóða og byggðarinnar sem risið hefur, skoða þann möguleika að bæta við byggingarlóðum og lagfæra lóðamörk í kringum hjúkrunarheimili og heilsugæslu. Auk þess kemur fram að gert er ráð fyrir nýjum stígum, meðal annars meðfram strönd, og tengingum við núverandi stígakerfi.

Náttúruminjaskrá

Í greinargerð kemur fram Borgarvogur, vogurinn allur ásamt fjörum, er á náttúruminjaskrá, en þar eru leirur og fitjar með miklu fuglalífi.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi hver áhrif tillögunnar séu á ásýnd svæðisins og hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á fuglalíf og verndargildi náttúruminja.

Leirur

Umhverfisstofnun telur að leirurnar falli undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýna nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta

sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.


Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal, leyfisveitandi með vísan til 5. mgr. 61. gr., að rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og geri grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufræðingur sem verða fyrir röskun.

Aðgengi almennings

Í aðalskipulagi sveitarfélagsins er gert ráð fyrir stíg meðfram Borgarvogi sem deiliskipulagið byggir á. Stofnunin bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr.5.3.2.14., skipulag við vötn ár og sjó. „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni að það sé nægt rými fyrir meðfram Borgarvogi svo að útivistargildi skerðist ekki.

Umhverfisstofnun bendir einnig á mikilvægi þess að valkostir séu skoðanir varðandi lagningu stígar meðfram ströndinni, varðandi leiðarval, undirlag o.s.frv. til þess að komast hjá raski á náttúru og verndargildi náttúruminja.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Björn Stefánsson
sérfræðingur